

Samstarfssamningur Tollstjóra og Fiskistofu

Tilgangur yfirlýsingar og lagalegar skyldur beggja aðila

Tilgangur þessarar samstarfsyfirlýsingar er að efla og styrkja samstarf Tollstjóra og Fiskistofu varðandi eftirlit með inn- og útflutningi sjávarafurða. Tollyfirvöldum og öðrum stjórnvöldum og stofnunum er í tollalögum lögð sú skylda á herðar að hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast tollheimtu og tolleftirliti, svo sem upplýsingagjöf og forvarnir. Samstarfsyfirlýsing þessi er nánari útfærsla á áðurnefndum lagalegum skyldum Tollstjóra og Fiskistofu.

Miðlun upplýsinga og upplýsingatæknimál

Tollstjóri og Fiskistofa skulu tryggja nauðsynlegt samráð milli stofnana og skiptast á upplýsingum sem skipt geta starfsemi viðkomandi stofnunar máli og nýst geta við uppljóstrun brota á tollalöggjöf eða þeirri löggjöf er Fiskistofa framfylgir.

Tollstjóri og Fiskistofa skulu leitast við að hafa að leiðarljósi í upplýsingatæknimálum að rafræn upplýsingaskipti milli stofnana verði aukin eftir því sem við getur átt og leitast verði við að auka möguleika hagsmunaaðila á því að senda staðlaðar upplýsingar sem tengjast báðum stofnunum í gegnum eina gátt með rafrænum hætti.

Samstarf á vettvangi og sameiginleg eftirlitsverkefni

Ef upp koma þær aðstæður á vettvangi að aðstoðar er þörf skulu samstarfsaðilar veita hvor öðrum nauðsynlega aðstoð eftir því sem unnt er hverju sinni. Tollstjóri og Fiskistofa geta ákveðið sameiginleg eftirlitsverkefni í þeim tilvikum þar sem búnaður eða sérþekking beggja aðila getur leitt til aukins árangurs eða verkefnin liggja saman að öðru leyti.

Kostnaður vegna mála er koma upp á grundvelli þessarar samstarfsyfirlýsingar

Tollstjóri bera allan kostnað af hefðbundnu tolleftirliti með inn- og útflutningi á fiskafurðum. Fiskistofa ber allan kostnað af eftirliti umfram það. Með hefðbundnu eftirliti er átt við eftirlit með farmskrá m.t.t. til rafrænna sía í tollakerfinu og að svokölluð IS-númer fiskframleiðenda séu til staðar í útflutningsskýrslum.

Námskeið og þjálfun

Tollstjóri og Fiskistofa haldi sameiginleg námskeið er auka eiga færni tollvarða til stöðva ólöglegan inn- og útflutning sjávarafurða. Á námskeiðunum skal tollvörðum einnig gert mikilvægi þessa málaflokks ljóst og þá m.t.t. til þess tjóns er þjóðfélagið verður þegar lög um stjórn fiskveiða, lög um umgengni nytjastofna sjávar og önnur lög og stjórnvaldsfyrirmæli er varða inn- eða útflutning sjávarafurða eru brotin.

Gildistaka

Samningurinn öðlast gildi við undirritun.

Reykjavík 16. nóvember 2010

Snorri Olsen
tollstjóri

Eyþór Björnsson
fiskistofustjóri

Viðaukar

Samningnum fylgir einn viðauki, þar sem tengiliðir beggja stofnana komi fram. Viðaukarnir skulu uppfærðir eftir þörfum.